



Fræðslustefna Badmintonfélags Hafnarfjarðar

Badmintonfélag Hafnarfjarðar leggur áherslu á góða upplýsingagjöf og fræðslu í öllu sínu starfi.

Þjálfarar

- Lögð er áhersla á að hjá félaginu starfi vel menntaðir þjálfarar.
- Þjálfarar eru hvattir til að sækja þjálfaranámskeið.
- Félagið greiðir fyrir námskeið að hluta eða öllu leiti fyrir starfandi þjálfara.
- Að minnsta kosti einu sinni á önn eru haldnir þjálfarafundir þar sem þjálfarar bera saman bækur sínar, gera áætlanir og deila góðum ráðum.
- Á hverju ári býðst þjálfurum að sækja skyndihjálparnámskeið og fræðslu frá barnavernd og skulu þjálfarar sækja slík námskeið amk þriðja hvert ár.

Starfsfólk

- Á hverju ári fer starfsfólk á skyndihjálparnámskeið og fær fræðslu frá barnavernd.
- Starfsfólk er hvatt til að sækja námskeið sem efla þá í starfi og greiðir félagið að hluta eða öllu leiti fyrir slík námskeið.

Iðkendur

- Að minnsta kosti einu sinni á ári skal bjóða uppá fræðslu fyrir iðkendur íþróttatengd málefni t.d. næringarfræði, sálfræði, sjálfstyrkingu, holla lífshætti, samspil þjálfunar og hvíldar o.þ.h.
- Iðkendur eru hvattir til að afla sér þekkingar um sína íþróttagrein á vefnum og fylgjast með alþjóðlegum mótum og keppnum.

Foreldrar

- Foreldrar skulu ætíð geta lesið sér til um starfið, skipulag og stefnur á vef félagsins.
- Reglulega skal senda út tilkynningar til foreldra og halda þeim vel upplýstum.
- Foreldrafundir skulu haldnir eins oft og þurfa þykir en að mestu leiti fer fræðsla og upplýsingagjöf fram með rafrænum hætti.